

VEIÐIMÁLASTOFNUN
 • Veiðinýting • Lífríki
 í ám og vötnum •
 Rannsóknir • Ráðgjöf

Vegagerðin
 b.t. Auðunn Hálfðánarson
 Borgarbraut 66, 310 Borgarnes

2004-09-29

Efni: Umsögn vegna vegagerðar um vatnasvæði Hrútafjarðará

Inngangur

Að beiðni vegagerðarinnar er óskað eftir umsögn Veiðimálastofnunar um tillögur er liggja fyrir vegna hönnunar á breyttri veglínu hringvegur um Hrútafjarðarbotn. Í tillögunum er gert ráð fyrir flutnings brúar á Selá til norðurs um allt að 10 m og síðan liggja fyrir tvær tillögur á nýjum vegi yfir Hrútafjarðará neðan við ármót Selár.

Aðstæður á vettvangi voru skoðaðar þann 21. september, jafnframt því hitti undirritaður stjórn Vf. Hrútafjarðarár og Síkár. Land að ánni eiga bæirnir Melar og Fagrabrekka.


Umsögn

Selá er neðsta þverá Hrútafjarðarár að vestanverðu (mynd 1), en áin tilheyrir ekki félagssvæði Vf. Hrútafjarðarár og Síkár. Land að ánni eiga bæirnir Melar og Fagrabrekka.

Lax hrygnir og elst upp í Selá og þar er að finna ágæt búsvæði fyrir lax (Sigurður Már Einarsson 2004), fiskgengi hluti árinna er ekki langur. Lax virðist hins vegar ganga árvisst til hrygningar í ánni. Fyrirhuguð færsla á brú til norðurs er sýnd á mynd 2, en þar sýnir rautt flagg nýja veglínu.

Engar nákvæmar tillögur liggja fyrir um lengd brúar yfir Selá eða tilhögun framkvæmda, en verði farvegi árinna

ekki raskað, er ekki gert ráð fyrir óæskilegum áhrifum brúargerðar á þessum stað á búsvæði árinna. Laxveiði er ekki stunduð í ánni svo vitað sé.



Mynd 1. Kort af vatnasvæði Hrútafjarðarár.



Mynd 2. Núverandi brú yfir Selá

Þær tillögur sem liggja fyrir af áætluðum brúarstæðum yfir Hrútafjarðará, gera annars vegar ráð fyrir að farið verði yfir Hrútu rétt neðan við ármót Selár og Hrútu (mynd 3), rétt ofan við veiðistað er nefnist Maríubakki (mynd 4).

Neðri veglínan er hugsuð nokkuð neðan við Dumbafljótið sem er neðsti veiðistaðurinn í Hrútafjarðará (mynd 5).



Mynd 3. Mynd af áætluðu brúarstæði við syðri veglínu.



Mynd 4. Maríubakki í Hrútafjarðará



Mynd 5. Dumbafljót

Maríubakkinn er mjög langur hylur og án efa stærsti hylur Hrútafjarðarár (Sverrir Hermansson 2004). Á þessu svæði er malarbotn ríkjandi botnefni og straumur er orðinn mjög hægur í ánni. Sömu eiginleikar eiga við um Dumbafljótið þar sem áin breiðir vel úr sér og gætir þar flóðs og fjöru. Lax og bleikja veiðast á báðum stöðum, en þessir tveir neðstu staðir árinna eru einkum þekktir fyrir mjög góða bleikjuveiði, en sjóbleikjan ræður ríkjum á þessu svæði árinna.

Á þessu stigi liggja ekki fyrir tillögur um brúarlengd á mögulegum brúarstæðum.

Á þessu stigi er bent á eftirfarandi atriði:

1. Við hönnun brúar verði haft í huga að ekki verði þrengt um of að vatnsopi þannig að straumur árinna breytist á þessu svæði. Mikilvægir veiðistaðir eru í grennd við möguleg brúarstæði og veiðiskilyrði kunna að breytast ef farvegur í brúarstæði er þrengdur um of. Einnig er bent á að mjög mikil flóð geta komið í Hrútafjarðará.
2. Æskilegt er að framkvæmdir við brúarmannvirkið fari helst fram utan veiðitíma í ánni.
3. Þær tvær leiðir sem koma til greina við hönnun vegar um Hrútafjarðarbotn virðast mjög áþekkir valkostir hvað fisk varðar og er ekki gert upp á milli þeirra.

Heimildir:

Sigurður Már Einarsson 2004. Laxfiskar og veiði í Hrútafjarðará. Í: Hrútafjarðará og Síká (ritstjóri Gísli Pálson). Bls:129-138.

Sverrir Hermansson 2004. Hrútafjarðará og Síká. Í: Hrútafjarðará og Síká (ritstjóri Gísli Pálson). Bls. 9-70.

Virðingarfyllst,

Sigurður Már Einarsson
Fiskifræðingur